1702100

04.10

Garðabæ

1. febrúar 2017.

Til leikskólanefndar Garðabæjar.

**Efni bréfs.** *Ósk um að fjölga starfdögum leikskólanna úr þremur og hálfum í fjóra.*

Við undirritaðar leikskólastjórar í Garðabæ fögnum þeirri nýbreytni skólayfirvalda í Garðabæ að efla skólastarf bæjarins með því að koma á fót Menntadegi í Garðabæ sem við vonum að sé komin til að vera.

Á menntadeginum kom glöggt fram hversu mikil gróska er í skólastarfi bæjarins og voru fyrirlestrar og kynningar afar áhugaverðar og er merki um faglegt og gott skólastarf í bænum.

Skólar bæjarins eru með sameiginlega skipulagsdaga og var hálfur skipulagsdagur í október nýttur undir Menntadaginn svo allir gætu notið þess að kynna sig og sjá hvað aðrir skólar eru að gera.

Við viljum þó benda á að leikskólunum veitir ekki af öllum þessum tíma í skipulagningu á starfi sínu. Þess vegna viljum við óska eftir því að hálfi skipulagsdagurinn í byrjun janúar verði heill dagur, þannig getum við haft heilan starfsdag í janúar og helmingur skipulagsdagsins í október verið tekinn undir menntadag.

Með vinsemd og virðingu

Leikskólastjórar leikskóla Garðabæjar og leikskólastjórar sjálfstættstarfandi leikskóla í Garðabæ.

Ásrún Vilbergsd. Ásar

Jóna Jónsd. Leiks. Sjáland

Ragnhildur Skúladóttir

Ásta Kr. Valgarðsd. Kirkjuból.

Björg Helga Geirsdóttir Lundaból

Anna Bjarnadóttir Bæjarból

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026